

40

15. febr.

3. gr.

Aftan við 17. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Þeir, sem urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944, en höfðu eigi keypt sér eða ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, og miðast réttur þeirra þá við allan starfstíma þeirra, enda greiði þeir sjóðnum jafnhá iðgjöld sem þeim hefði horið að greiða samkvæmt lögum nr. 51 1921, ef þeir þá hefðu verið tryggingarskyldir, um allt að 10 ára tíma. Um tilhögun iðgjaldagreiðslu þessarar fer eftir nánari fyrirmælum stjórnar sjóðsins. Ríkissjóður greiðir lífeyrissjóðnum það, sem á kann að vanta, að iðgjöld þessara manna hrökkvi fyrir útgjöldum sjóðsins þeirra vegna. Lífeyrissjóður Íslands endurgreiðir þeim starfsmönnum, sem greiða Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins iðgjöld fyrir liðinn starfstíma samkv. þessari grein, upphæðir þær án vaxta, sem þeir hafa greitt til sjóðsins fyrir sama tímabil.

4. gr.

Á eftir 17. gr. komi ný gr., er verður 18. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Bætur, sem sjóðfélagi, eftirlifandi maki hans eða börn fá greiddar samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

Gjört í Reykjavík, 15. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

41

15. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49/1942, um breyting á lögum nr. 75 21. júní 1921, um stimpilgjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „tvöfalt fasteignamat“ í 1. gr. laganna komi: fimmfalt fasteignamat.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.